

43

18. apríl

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að Íslandi hafi verið veittar 5.5 millj. dollara efnahagsaðstoð frá Bandaríkjunum á tímabilinu 1. júlí 1951 til 30. júní 1952, og verði 1 millj. dollarar af þessari fjárhæð veitt sem lán. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að verja lánsfé þessu til byggingar áburðarverksmiðju, en hins vegar vantar hana heimild til að taka lánið og endurlána það Áburðarverksmiðjunni h.f.

Með því að vér föllumst á að brýna nauðsyn beri til að veita ríkisstjórninni slíka heimild, gefum vér út bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 1 millj. dollara lán, sem bandarísk stjórnvöld veita fyrir milligöngu Export-Import Bank, með þeim kjörum, sem almennt gilda um slík lán. Er ríkisstjórninni heimilt að endurlána Áburðarverksmiðjunni h.f. alla lánsupphæðina með þeim skilmálum, sem hún telur nauðsynlega, og gegn þeim tryggingum, sem hún tekur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.